

160. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- Aðafundur haldinn í Fjölheimum 06 06 2024 kl. 16.30

Mættir: Hulda Kristjánsdóttir ritari og varaformaður, Halldóra S. Sveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson, Magðalena Jónsdóttir og Ester Ýr Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Ársskýrsla 2023

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í ársskýrslu 2023. Heildarstöðugildum hefur fækkað aðeins á milli ára og voru á árinu 2023 8,6 en voru tæplega 9 árið áður. Þar munar um að ekki hefur verið ráðið inn í stöðu í Vík sem losnaði 2022. Varðandi heildarfjöldna námsmanna þá hefur námsmönnum sem lokið hafa námið fækkað á milli ára en á árinu 2023 luku 1057 nemendur námi en viðmið Fræðslunetsins er 1200 nemendur. Í ársskýrslunni má finna upplýsingar um tölulega þróun starfseminnar.

Stjórn gerir ekki athugasemdir við skýrslu framkvæmdastjóra og samþykkir hana samhljóða.

2. Ársreikningur 2023

Ársreikningur 2023 lagður fram ásamt endurskoðunarskýrslu. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur ársins. Rekstrartekjur námu alls um 173 milljónum og rekstrargjöld alls um 185 milljónum. Tap ársins nam alls 9,8 milljónum. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 11 milljónir skv. efnahagsreikningi. Handbært fé lækkar um 7 milljónir á ára og var um 29 milljónir í lok árs. Framlög hækkuðu á milli ára en sjálfsaflatekjur voru undir áætlun. Hlutfall launa af rekstrartekjum var 62,4%.

Stjórn samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2023 og framkvæmdastjóri sendir ársreikning 2023 til rafrænnar undirritunar.

3. Breytingar á stjórn og verkaskipting stjórnar

Fyrir liggur að breyting hefur orðið á stjórn og hefur Ester Ýr Jónsdóttir komið inn sem aðalmaður í stjórn í stað Sigursveins Sigurðssonar sem fulltrúi framhaldsskóla á svæðinu.

Einnig liggur fyrir að skipa þarf formann stjórnar ásamt varaformanni og ritara.

Stjórn samþykkir samhljóða að Hulda Kristjánsdóttir verði formaður stjórnar og Valdimar Hafsteinsson ritari og varaformaður.

4. Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi húsnæðismál Fræðslunetsins frá árinu 2022.

Unnið er að öðrum skammtímasamningi við Sveitarfélagið Árborg um leigu á Fjölheimum.

Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra umboð til að vinna að húsnæðismálum

Fræðslunetsins í samvinnu við aðra hagsmunaaðila.

5. Önnur mál

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.
- b. Viðbrögð stjórnar við bréfi stjórnar Háskólafélags Suðurlands.

Stjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem nýr stjórnarmaður hefur ekki fengið tækifæri til þess að setja sig inn í málið. Formaður stjórnar sendir samantekt frá fjarfundi stjórna Háskólafélagsins og Fræðslunetsins á nýjan stjórnarmann og framkvæmdastjóra ásamt öðrum gögnum er tengjast málinu.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:15

Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð